| | |
|---|---|
| Númer skjals: | FMS-EBL-029 |
| Skjalalykill: | 02.01 Fjárhagsáætlun |
| Útgáfa: | 1 |
| Útgáfudags.: | 13.07.2018 |
| Síðast rýnt / næst rýnt: | 2020 / 2021 |
| Ábyrgðarmaður: | Skrifstofustjóri áætlana- og uppgjörs |

# FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

**Tilgangur jafnréttisskimunar:**
Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við verklag Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fái tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

**Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:**

| | |
|---|---|
| **Dagsetning:** | 2025 |
| **Svið:** | Umhverfis- og skipulagssvið |
| **Unnið af:** | |
| **Verkefni/tillaga:** | Endurskoða gönguþveranir í hverfinu, s.s. við Dunhaga og Hjarðarhaga |
| **Þjónustuþáttur:** | |
| **Stofnun/kostn.st.:** | |
| **Fjárhæð:** | |
| **Annað:** | |

**Jafnréttisskimun:**

**Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?**

Tillagan er að endurskoða og lagfæra ýmsar gönguþveranir í hverfinu. Þær eru nokkrar gerðar þannig að þær gera gangandi vegfarendum erfitt að fara leiðir sína, t.d. með því að gera óþarfi krókaleiðir. Það ógnar einnig umferðaröryggi barna í hverfinu.

**Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.**

Já, góðar gönguþveranir stuðlar að öruggum og virkum ferðamátum fyrir öll, sérstaklega styðja þeir við konur og börn þar sem þau eru líklegri til að sinna mörgum stuttum ferðum innan hverfis og nálægt skólum.

**Hverjir eru markhópar tillögunnar? Beðið er um kyngreindar upplýsingar nema ómögulegt sé.**

Íbúar í hverfinu, sem er mjög fjölbreyttur hópur. Karlar, konur og börn munu njóta góðs af verkefninu. Einnig bætist aðgengi fatlaðra með að gefa öllum fleiri valkostir um hvar og hvernig eigi að þvera götur og stytta þeim leiðir.

**Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.**

Að bæta gönguþveranir í hverfinu mun gera öllum auðveldara að ferðast gangandi innan hverfisins. Sjá líka punkt fyrir ofan.

**Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?[1]**

Nei, það er ónauðsynlegt, enda eru góðar gönguleiðir ekki nýtt fyrirbæri í borginni.

[1] Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.